

## Ársþing TKÍ 2012

Kæru taekwondo iðkendum og velunnarar.

Ársþing Taekwondosambands Íslands verður haldið í húsnæði ÍSÍ, við Engjaveg í Laugardal, fimmtudaginn 10. maí 2012 kl. 20:00.

### Dagskrá

1. Þingsetning.
2. Kosning 1. og 2. þingforseta.
3. Kosning 1. og 2. þingritara.
4. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
5. Ávörp gesta.
6. Álit kjörbréfanefndar.
7. Skýrsla stjórnar lögð fram.
8. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
10. Kosning þingnefnda.
11. Þingnefndir starfa.
12. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
13. Þjónustugjald ákveðið. Þjónustugjaldið er nefskattur, sem innheimtist af félögum/deildum miðað við skráða iðendur árið á undan skv. starfsskýrslum ÍSÍ.
14. Tillögur um breytingar á lögum TKÍ teknar til umræðu og afgreiðslu,
15. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði teknar til umræðu og afgreiðslu.
16. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem komið hafa fram á þinginu.
17. Kosningar:
  - stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein
  - 2 skoðunarmenn reikninga.
  - fastanefndir sem starfa milli taekwondóþinga.
  - fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttþing ÍSÍ fer fram.
18. Þingslit.

Það ber að taka fram hvernig skal farið að við meðferð atkvæða og umboða:

### 7. grein

Á Taekwondóþingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt hafa:

- a) Stjórn TKÍ
- b) Heiðursformaður og heiðursfélagar
- c) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ
- d) Fastráðnir starfsmenn TKÍ
- e) Fulltrúar í fastanefndum TKÍ

Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum inn til stjórnar TKÍ eigi síðar en viku fyrir þing. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess sambandsaðila sem hann er fulltrúi fyrir.

Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.

Farið verður eftir reglum þessum varðandi meðferð atkvæða og kjörbréf sem berast seinna en viku fyrir þing, þ.e. eftir kl. 20 þann 3. maí eru ógild.

Einnig ber að minna á grein 12 úr lögum TKÍ:

12. grein

Ársskýrslur og ársreikningar sambandsaðila TKÍ skulu berast á tölvutæku formi til TKÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Eftirfarandi tillage að lagabreytingu verður lögð fyrir þingið, sem varðar Grein 7:

Var:

7. grein

Á Taekwondopingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt hafa:

- a) Stjórn TKÍ
- b) Heiðursformaður og heiðursfélagar
- c) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ
- d) Fastráðnir starfsmenn TKÍ
- e) Fulltrúar í fastanefndum TKÍ

Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum inn til stjórnar TKÍ eigi síðar en viku fyrir þing. **Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess sambandsaðila sem hann er fulltrúi fyrir.**

Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.

Tillaga að breytingu:

7. grein

Á Taekwondopingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt hafa:

- a) Stjórn TKÍ
- b) Heiðursformaður og heiðursfélagar
- c) Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ
- d) Fastráðnir starfsmenn TKÍ
- e) Fulltrúar í fastanefndum TKÍ

Auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum inn til stjórnar TKÍ eigi síðar en viku fyrir þing. **Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði.**

Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða.

Bestu kveðjur.

Stjórn TKÍ